

## International Theatre Institute ITI

World Organization for the Performing Arts

UNESCO, 1 Rue Miollis, FR-75732 Paris Cedex 15

info@iti-worldwide.org / www.iti-worldwide.org



### Ávarp alþjóða dansdagsins 2012 eftir Sidi Larbi Cherkaoui, danshöfund

Fögnum hreyfiafli lífsins

Í aldanna rás er það jafnan listin sem lifir. Listin virðist vera arfleifð kynslóðanna - hvort sem um er að ræða byggingar, bækur, málverk eða tónlist. Eða hreyfingu, dans. Ég lít því á dansinn sem hina eiginlegu sögustund, enda tengist hann iðulega nýliðnum tíma og er sannarlega list augnabliksins.

Dansinn virðist einnig ná út yfir þau landamæri sem afmarka ýmsar aðrar listgreinar. Ólík stílbrogð geta reynst vera takmarkandi, en lífið streymir áfram, óbeislað og síbreytilegt: skyndilega rennur þetta allt í einn farveg. Allt rennur saman, áreynslulaust og dansinn finnur sér sína leið í núinu, sem tekur stöðugum breytingum.

Ég lít svo á að okkur beri að standa vörð um danslistina sem eitt heiðarlegasta tjáningarformið, því í hvert sinn sem fólk dansar – í balletsýningu, hip-hop, í nýstárlegri samtímasýningu, eða sleppir fram af sér beislinu á diskóteki, þá eru yfirleitt engar lygar í spilinu, fólk setur ekki upp grímu. Fólk speglar sig sífellt hvert í öðru, en þegar það dansar, held ég að það sé einfaldlega uppnumið af einlægni augnabliksins.

Okkur gengur aldrei betur að skynja tilfinningar annarra, hugsanir þeirra og afl en með því að hreyfa okkur eins og þau, hreyfa okkur í félagi við aðra og fylgjast með hreyfingum þeirra um leið. Þannig öðlumst við skilning á samferðamönnum okkar.

Hver einasta danssýning er í mínum huga sönnun þess að við búum í samfélagi, að við getum gefið hvert öðru frelsi og tíma. Það vill stundum gleymast, en töfrar danssýningarinnar felast fyrst og fremst í sameiginlegri upplifun fólks sem situr hlið við hlið. Sýningin er ekki einkamál hvers og eins, áhorfanda, hún er afar félagsleg athöfn. Við komum saman í þeim tilgangi að taka þátt í viðburðinum, upplifa sama augnablikið.

Ég vona að við eigum öll eftir að dansa mikið á árinu 2012. Ekki til þess að gleyma vandamálum liðins árs, heldur til að takast á við þau á skapandi hátt, dansa í kringum þau, finna leið til að tengjast hvert öðru og veröldinni sem við búum; taka þátt í lífinu og hinu eilífa hreyfiafli þess. Dönsum til þess að finna einlægnina og leiðir til þess að miðla henni, velta henni fyrir okkur og fagna.

Sidi Larbi Cherkaoui –

Translation: Bjarni Jónsson, playwright and translator